

**32. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar

Framhald umræðu frá 31. fundi um skipan samráðshópa í málefnum aldraðra, fatlaðra og íbúa af erlendum upprunna.

Lagðar fram upplýsingar um samráð í öðrum sveitarfélögum sbr. bókun ráðsins frá 31. fundi.

Anna Lára Steindal, fyrrum verkefnisstjóri hjá Akraneskaupstað og Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skólapróunar og sérfraðipjónustu mættu á fund ráðsins.

Svala Hreinsdóttir sagði frá áformum um ungmenningaráð. Rætt var um sambærileg ráð í öðrum sveitarfélögum m.a. Seltjarnarnesi og í Garðabæ.

Sveinborg fór yfir þær upplýsingar sem hún hefur aflað um notendasamráð frá öðrum sveitarfélögum.

Anna Lára sagði frá hugmyndum sem ræddar voru í sambandi við gerð mannréttindastefnu. Rætt var um að auglýsa eftir þátttakendum í innflytjendaráð á helstu erlendu tungumálum og velja úr umsóknum. Í mannréttindastefnunni er miðað við að um sé að ræða eins konar innflytjendaráð.

Sviðsstjóra falið að gera tillögu að reglum um skipun og hlutverk notendaráða.

2. 1510112 - Stuðningur við fötluð börn á skertum skóladögum og starfsdögum

Áður á dagskrá 25. fundar Velferðar- og mannréttindaráðs þann 21. október 2015. Lagðar fram niðurstöður athugunar á þjónustu annarra sveitarfélaga.

Sviðsstjóra falið að gera könnun meðal aðstandenda á þörf fyrir þjónustuna.

3. 1601442 - Trúnaðarmál.

Sjá trúnaðarbókun Velferðar- og mannréttindaráðs.

4. 1501236 - Trúnaðarmál.

Sjá trúnaðarbókun Velferðar- og mannréttindaráðs.

5. 1601443 - Ósk um endurnýjun bifreiðar fyrir ferðaþjónustu fatlaðra

Í bréfi frá 28. janúar 2016, óskar Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri Dvalar-

JG 5
VG
SK

og hjúkrunarheimilisins Höfða eftir að komu Akraneskaupstaðar að endurnýjun bifreiðar fyrir ferðapjónustu fatlaðra á Akranesi skv. ákvæðum samstarfssamnings sveitarfélagsins og Höfða um rekstur þjónustunnar. Kostnaður við endurnýjun er áætlaður á bilinu 11-15 m.kr.

Velferðar- og mannréttindaráð lýsir sig meðmælt því að bifreiðin verði endurnýjuð og vísar erindinu til ákvörðunar bæjarráðs.

6. 1511210 - Starf búsetubjónustu - forstöðumaður

Sviðsstjóri upplýsir um ráðningu forstöðumanns í búsetubjónustu. Guðrún Dadda Ásmundardóttir, iðjuþjálfi hefur verið ráðin forstöðumaður búsetubjónustunnar að Holtsflöt 9.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Virkir P. Guðbjartsd.
Eva Bráðmar
Guðrún Dadda Ásmundardóttir
Juglögður
Sveinbjörn Kristjánsson
Sveinbjörn Kristjánsson